

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 980

Dagsetning: 18. apríl klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkeldsdóttir og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson, formaður Starfsmannafélags HH, kom á fundinn undir lið 2.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir dáskrá boðaðs stöðufundar í heilbrigðisráðuneytinu. Rætt var um fyrirhugaðan fund hjá Sjúkratryggingum Íslands um endurskoðun samnings um heilbrigðisþjónustu í fangelsinu á Hólmsheiði

2. Erindi frá Starfsmannafélagi HH

A. Þór Þórsson kynnti hugmyndir um viðburði á vegum starfsmannafélags HH.

II. Efni til Umræðu

3. Börn sem missa foreldri

Kynnt var erindi um rétt barna sem missa foreldra til sálfræðiþjónustu. Erindið verður rætt frekar við sérfrótt fólk innan HH sem málið varðar.

4. Launamál vegna síðdegisvaktar ritara / skrifstofustjóra

Kynnt var bréf frá skrifstofustjórum vegna breytinga á launagreiðslum fyrir síðdegisvaktir.

5. Húsnæðismál

Rætt var möguleika á að sameina fleiri starfspætti HH undir sama þaki í Mjódd.

III. Efni til afgreiðslu

6. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 12. apríl 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

7. Framhaldsskólar

Rætt var um tillögu um að auglýsa samtals í nokkrar 40-100% stöður hjúkrunarfræðinga til starfa að geðþjónustu í framhaldsskólum; samtals yrði ráðið í fimm heil störf; gert er ráð fyrir að nýju starfsmennirnir hefji störf 15. ágúst n.k.; þeir verði á launaskrá hjá Heilsubró.

Niðurstaða: Samþykkt að auglýsa og senda skólastjórnendum uppfærða þjónustuáætlun.

8. Starfsmannamál

Tillaga um breytta skipan starfs svæðisstjóra við Heilsugæsluna Hvammi.

Niðurstaða: Gengið verður frá samkomulagi við Sigrúnu Barkardóttur um að taka að sér starfið og gefa út breytingartilkyningu.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.